

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Örfirisey



|                     |                   |                         |                       |
|---------------------|-------------------|-------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits      | 30.10.2025        | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki           | Olíudreifing      | Eftirlitsmaður          |                       |
| Heimili             | Hólmastlóð 8 - 10 | Tegund eftirlits        | Reglubundið           |
| Kennitala           | 6606952069        | Flokkur                 | Olía                  |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gestur Guðjónsson | ÍSAT nr.                | 63.40                 |
| Fulltrúi fyrirtækis |                   | Staðsetning             | 356850,845 409700,409 |

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit, ein ábending er sett fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi olíubirgðastöðvar Olíudreifingar í Örfirisey. Eftirlitið er framkvæmt á grundvelli 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Þrýstiprófanir á lögnum
- Olíustrimlar
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Í olíubirgðastöðinni er heimild fyrir geymslu á allt að 72.000 m<sup>3</sup> af olíu og bensíni á hverjum tíma, þar af í stærstu geymum allt að 9.100 m<sup>3</sup> af olíu og allt að 9.100 m<sup>3</sup> af bensíni. Heimilt er að geyma etanól og metanól í stöðinni og móttaka á allt að 9.000 tonnum af úrgangsolíu á ári til endurnýtingar og dreifingar á markaði innanlands.

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, þ.m.t. skráningar í rekstrarhandbók.

Rætt var um þrýstiprófanir á lögnum. Í eldra starfsleyfi var krafa um þrýstiprófanir á neðansjávarlögnum árlega og öðrum lögnum á fimm ára fresti. Stofnunin bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi skal þrýstiprófa olíulagnir í olíubirgðastöð eftir breytingar og viðgerðir sem og niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir, sbr. 14. gr. og 1. tl. 20. gr. reglugerðarinnar.

Rætt var um notkun olíustrimla til mælinga á olíu í fráveitu.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Á Eyjagarði var búið að koma upp nýjum mengunarvarnabúnaði. Athafnasvæðið var snyrtilegt og vel skipulagt og ekki tilefni til athugasemda.

### ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí 2026, sbr. rg. 205/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2025

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir